

**1. fundur fræðslunefndar v/Flúðaskóla árið 2010, haldinn 2. feb. kl. 10:10, í Flúðaskóla.  
44. fundur kjörtímabilsins.**

Mætt til fundar: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Esther Guðjónsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri og Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara. Berglind Bjarnadóttir, Jóhannes Sigurðsson og Axel Árnason Njarðvík mættu ekki til fundarins.

**Dagskrá**

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

- 1. Skýrsla skólastjóra.**

**Starfsmenn**

Fimm kennarar fóru á Bett- sýningu sem haldin var í London um miðjan janúar, frá miðvikudegi til sunnudags. Þetta er stór og mikil skólasýning með fyrirlestrum og kynningum. Íþróttakennari fór á sundnámskeið í Noregi í lok janúar. Þessir kennarar fengu styrk frá KÍ til að greiða fyrir ferðir og námskeiðin.

Tveir kennarar og einn stuðningsfulltrúi hafa verið að sækja sér réttindi í ART- þjálfun.

Nokkuð hefur verið um lengri veikindaleyfi þetta skólaár.

Einn stuðningsfulltrúi hefur minnkað við sig vinnu til vors og annar var á skertu starfshlutfalli fyrir áramót.

Starfsmaður í mótuneyti var frá í fjórar vikur, heimilisfræðikennari var frá í sex vikur og núna er annar íþróttakennarinn frá vegna veikinda í 6 – 8 vikur. Tekist hefur að leysa þessi forföll innanhúss.

**Nemendur**

Allir nemendur sem eru í fjarnámi á framhaldskólastigi fengu inni í FÁ, þeim og okkur að kostnaðarlausu fyrir utan bækur sem nemendur sjá sjálfir um að kaupa.

Nemandi sem hóf nám hjá okkur í 9. bekk á haustönn á vegum Reykjavíkurborgar var vikið tímabundið úr skóla og til stóð að hann færi í heimakennslu en síðast þegar við fréttum var hann farinn af fósturheimili og því vitum við ekki um framhaldið.

Annar drengur frá sama fósturheimili byrjaði hjá okkur í 8. bekk þann 1. febrúar. Hann er einnig á vegum Reykjavíkurborgar.

Einn nemandi úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi er kominn Vallarskóla á Selfossi.

Mjög fáir nemendur hafa áhuga á því að vera í skólakór og þegar þeir voru orðnir sex talsins var tekin sú ákvörðun í samráði við kórstjóra að auglýsa að æfingum verði hætt í bili að minnsta kosti, ef ekki rättist úr. Eftir áramót hafa mest átta nemendur mætt á æfingar en áður voru þeir um 15. Skólastjóri telur ekki forsvaranlegt á þessum niðurskurðartímum að bjóða upp á kóræfingar fyrir svo fáa nemendur með tilheyrandi kostnaði.

**Ýmislegt**

Skólaselið verður aðeins opið til kl 16:00 mánudaga til fimmtudaga frá 1. febrúar vegna dræmrar aðsóknar milli 16 og 17.

Tónlist fyrir alla fór fram í félagsheimilinu í dag og var það Jazzkvartett Reykjavíkur sem lék.

Foreldraviðtöl voru 25. janúar. Viðtölin gengu vel og var mæting góð.

7. bekkur Þjórsárskóla kemur í heimsókn á fimmtudaginn næsta.

Þroskþjálfanemi verður í vettvangsnámi hjá okkur á vorönn tvisvar sinnum tvær vikur.

- 2. Önnur mál.**

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundargerðin lesin yfir og samþykkt.

Fleira var ekki gert fundi slitið kl. 10.40